

AUKAVERKEFNI



Umhverfisstefna nemenda

Semdu þína eigin umhverfisstefnu þar sem þú gerir grein fyrir umgengni þinni heima fyrir, í skólanum og annars staðar. Segðu frá því hvað þú gerir vel og hvað má betur fara. Settu þér markmið til næstu fimm ára þar sem þú skilgreinir hlutverk þitt í samfélaginu og hvernig þú ætlar að leggja þitt af mörkum í þágu umhverfisins.

Virkjum landsmenn til þátttöku

Hannaðu þína eigin auglýsingaherferð með það að markmiði að fá landsmenn til að flokka og skila úrgangi til endurvinnslu. Byrjaðu á að skilgreina markhópin, þ.e. á auglýsingaherferðin að ná til allra eða aðeins fólks á ákveðnum aldri, kvenna og/eða karla? Hugsaðu svo hvernig best væri að ná til þessa hóps, þ.e. í gegnum sjónvarpsauglýsingar, netmiðla, blaða-, útvarps- og/eða umhverfisauglýsingar? Útfærðu hugmyndina og gerðu grein fyrir slagorði. Settu efnið upp á glæru með myndefni og kynntu fyrir bekknum.

Ræðukeppni – Með eða á móti endurvinnslu

Nemendur draga um málefnið með eða á móti endurvinnslu. Hver og einn undirbýr sig og skrifar ræðuna sína. Allir þurfa að koma upp og flytja sína ræðu fyrir bekkinn með viðeigandi rökstuðningi. Kennarinn er í dómarasætinu og velur besta málflutninginn. Eru nemendur sammála kennaranum – hvern hefðu þeir kosid í vinningsætið? Nemendur og kennari bera saman bækur sínar og ræða.

Sköpun

Komdu með rusl að heiman, t.d. tómar umbúðir, flöskur, fernur, dagblöð, plastpoka eða fatnað sem ekki á að nota lengur og finndu upp nýja vöru. Kennari útvegar skæri, lím, límband og líti. Þú gætir t.d. búið til listaverk, fatnað, skúlptúr, nytjahlut eða annað sem þér dettur í hug. Gættu þó að því að það sé einhver hugmynd á bak við hlutinn og hann nýtist mönnum á einhvern hátt, hvort sem það er út frá nytsamlegu eða fagurfræðilegu sjónarhorni. Merktu verkið þitt og gefðu því titil áður en þú kynnr það fyrir bekknum.

Ljósmyndasamkeppni – Nýtt líf!

Settu rusl í nýtt umhverfi/samhengi og taktu mynd. Gefðu myndinni titil og kynntu fyrir bekknum. Segðu frá hvað það var sem vakti athygli þína á myndefninu.

Viðtöl

Taktu viðtal við foreldra þína, aðra ættingja og/eða skólástjórmenndur. Hvaða skoðun hafa þeir á endurvinnslu? Eru skoðanir þessa fólks ólíkar eftir aldri?

Hlutverkaleikur

Settu upp stuttan leikþátt með samnemanda þínum. Annar er sóði og hinn er umhverfissinni. Settu þig inn í aðstæður þar sem þú liggur uppi í sófa að horfa á sjónvarpið. Þúsukassarnir frá sl. mánuðum liggja allt í kring. Þú hefur ekki nennt að henda þeim. Lyktin í íbúðinni er skelfileg. Á eldhúsborðinu eru mánaðargamlar matarleifar og ruslapokarnir á við og dreif um íbúðina. Allt í einu er bankað. Móðir þín/faðir þinn – umhverfissinninn er mætt/ur í heimsókn. Hvað gerirðu?

Ritun

Ef þú værir umhverfisráðherra í einn dag – hvað myndirðu gera?

Innkaup

Skoðuðu innkaup og neysluvenjur á heimili þínu og gerðu tillögu að einni eða fleiri breytingum sem leiða til þess að úrgangur frá heimilinu minnkar.

Dagbók

Flokkaðu allan pappír og pappa sem fellur til á heimilinu í eina viku og virkjaðu fjölskylduna með þér til verksins. Í lok vikunnar skaltu taka ljósmynd af pappírnum og pappanum sem safnaðist á þessum tíma og skila til kennara ásamt greinargerð um verkefnið. Gerðu m.a. grein fyrir eftirfarandi atriðum:

- Hvaða verkefni voru unnin innan heimilisins?
- Voru sett einhver markmið? T.d. hversu mikið þú vildir minnka það sem fer í tonnuna og auka það sem fer í endurvinnslu?
- Hvernig var verkefnið kynnt fyrir fjölskyldumeðlimum og þeir virkjaðir til þátttöku?
- Hvernig stóðu fjölskyldumeðlimir sig?
- Hvað var jákvætt við þessa reynslu og hvað var neikvætt?
- Ætlarðu að halda áfram að flokka og skila til endurvinnslu?